



Reykjavík, 24. júní 2021
SFS2020020126
213. fundur
HG/sp/ss

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi innleiðingu frístundastefnu

Á 180. fundi skóla- og frístundaráðs, 25. febrúar 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um stöðu innleiðingar þeirra 11 tillagna sem sneru að innleiðingu frístundastefnunnar og bættu fagumhverfi frístundamiðstöðva og frístundastarfs sem samþykkt var í borgarráði 18. maí 2018.

Svar:

Tillögur vegna innleiðingar frístundastefnunnar og bættu fagumhverfi frístundamiðstöðva voru 24 en ekki 11 og fundur borgarráðs var 17. maí 2018 <https://reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-5501>

Tillögurnar 24 og upplýsingar um stöðu innleiðingar:

1. Tvöfalda 10-12 ára starfið.

102 m.kr. komnar inn í ramma á ársgrunni.

Með einni auka opnun í 10-12 ára starfinu á viku jókst þátttaka í starfinu um 120% í vetrarstarfinu frá árinu 2017 – 2019 og skráningu í sumarstarfið jókst um 113% árin 2017-2020 (afleiðing af auknu vetrarstarfi, án aukingar í sumarstarfi). Sjá nánar bls. 10-12 í [skýrslu um innleiðingu og mat á árangri á verkefnum SFS í Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025](#).

2. Auka stuðning í félagsmiðstöðvastarfi fyrir börn og unglinga.

84 m.kr. komnar inn í ramma á ársgrunni.

Fjöldi barna með stuðning í almennum félagsmiðstöðvum hefur fjölgað um 150% frá hausti 2018 til vorannar 2021. 93% forstöðumanna félagsmiðstöðva telja hafa gengið mjög eða frekar vel að taka betur á móti börnum og unglingum sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning með auknu starfshlutfalli í stuðning. Sjá nánar bls. 9 í fyrrgreindri skýrslu.

3. Listamenn með söng og dans á frístundaheimilum

Fjármagnið fékkst aðeins í eitt skipti.

Verkefnið var framkvæmt á frístundaheimilum Miðbergs og Gufunesbæjar. 91% forstöðumanna þar töldu innkomu listafólks til að stjórna dans- og söngstarfi mjög eða frekar gagnlega. Sjá nánar bls. 6 í fyrrnefndri skýrslu.

4. Ferðakostnaður vegna heimsóknna barna á menningar- og listastofnanir.

Fjármagnið fékkst aðeins í eitt skipti.

Fjármagnið fór í akstur á Skrekk og fleiri menningarviðburði.

5. Efla hópastarf í tónlist í samstarfi við Tónlistarskóla FÍH, 2 m.kr.

Fjármagnið fékkst aðeins í eitt skipti.

Verkefnið fór af stað í nokkrum skólum og var grundvallað á því að það yrði síðan sjálfbært til framtíðar.

6. Stórfundir fyrir ungmenni í hverjum borgarhluta 16+, 1,25 m.kr.

Aðgerð á forræði íþrótt- og tómstundasviðs.

7. Átak verði gert í markaðs- og kynningarstarfi á frístundastarfi fyrir eldri borgara, 0,5 m.kr.

Aðgerð á forræði íþrótt- og tómstundasviðs.

8. Endurvekja 5% sjóðinn til að ná til þeirra sem ekki sinna skipulögðu frístundastarfi.

Aðgerð á forræði íþrótt- og tómstundasviðs.

9. Einfalda innritun á frístundaheimilin.

Fjármagnið fékkst aðeins í eitt skipti.

Þróun hefur orðið á innritunarkerfi frístundaheimilanna, ValaFrístund, og búið að einfalda m.a. með því að aftengja það kerfi Idega/Rafrænni Reykjavík og þróa kerfið í samræmi við breytingar á reglum um þjónustu frístundaheimila. Eins hafa frístundaheimili í auknu mæli boðið foreldrum að skrá á alla langa daga sem boðið er upp á á skólaárinu eða önn í einu. Frekari framþróunar er þörf samhliða hugmyndum um heilsársrekin frístundaheimili.

10. Reykjavíkurráð ungmenna haldi tvo stórfundi árið 2019

500 þús. kr. á ári frá 2018.

Þrír fundir verið haldnir, í Austurbergi, Ráðhúsi og Hinu Húsinu. Áætlað er að meta árangur eftir tveggja ára starf haustið 2021.

11. Kortlagning á félagslegri stöðu og þátttöku í frístund.

Fjármagnið fékkst aðeins í eitt skipti.

Tilraun var gerð með að spyrja út í félagslega virkni nemenda í foreldraviðtölum, samstarfsverkefni Fellaskóla og frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs.

12. Aukin þátttaka barna með annað móðurmál en íslensku.

Átak hefur verið gert í því að forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva sitji móttökuvíðtöl grunnskóla og kynni frístundastarf fyrir foreldrum og börnum sem eru að flytjast til Reykjavíkur. Haustið 2020 svöruðu 76% forstöðumanna frístundaheimila að þeir sætu þessi víðtöl alltaf, oftast eða stundum og 65% forstöðumanna félagsmiðstöðva.

Flestir forstöðumenn telja þátttöku þeirra í móttökuviðtölunum hafa hjálpað til við að virkja börn með annað móðurmál en íslensku til þátttöku í frístundastarfi. Sjá nánar bls. 13 og 14 í fyrrgreindri skýrslu.

13. Ráðning fagmenntaðra starfsmanna í fullt starf, að jafnaði á hvert frístundaheimili.

Almenn ánægja hefur verið með störf frístundafræðinga og í könnun til stjórnenda grunnskóla og frístundaheimila kom fram að störf frístundafræðinga hafi aukið og bætt samstarf frístundaheimila og grunnskóla, eftir fagstarfið, frístundafræðingar kenni öðru starfsfólki frístundaheimila og að starfið bæti félagsfærni og samskipti barnanna. Til þess að uppfylla þessa samþykkt borgarráðs um að það sé ráðinn einn frístundafræðingur við hvert frístundaheimili vantar um 141 m.kr. inn í fjárhagsramma frístundamiðstöðva fyrir árið 2021. Óvissa er því um framhald þessa þarfa verkefnis. Sjá nánar bls. 19-23 í fyrrnefndri skýrslu.

14. Auka undirbúningstíma starfsfólks.

Undirbúningstími starfsmanna frístundaheimila var aukinn um 10 mínútur á dag.

15. Námskeið starfsmanna í persónulegri eflingu og færni, 4 m.kr.

Fjármagnið fékkst aðeins í eitt skipti.

Vegna manneklu í frístundaheimila til margra ára var gert átak í að stuðla að vellíðan starfsmanna og skapa góða stemningu í starfsmannahópum og var fjármagni veitt til frístundamiðstöðva til að vinna að þessu.

16. Móttaka nýliða 1 m.kr.

Fjármagnið fékkst aðeins í eitt skipti og var námskeiði stýrt af mannauðsdeild SFS.

17. Rannsóknir og þróunarverkefni 1 m.kr.

Fjármagnið fékkst aðeins í eitt skipti.

Fjármagn til RannTóm þar sem unnar hafa verið rannsóknir á frístundastarfi borgarinnar. Samningur var gerður til eins árs og rann út 31. desember 2019.

18. Kynningaráttak um störf í frístundamiðstöðvum 1 m.kr.

Verkefnið var unnið af mannauðsdeild SFS. Fjármagnið fékkst aðeins í eitt skipti.

19. Færri börn pr. starfsmann í frístundaheimilum.

Var ekki fjármagnað og því ekki innleitt.

20. a. Húsnæðismál frístundamiðstöðva, frístundaheimila og félagsmiðstöðva.

Umhverfis- og skipulagssvið vann úttekt á öllu húsnæði skóla- og frístundasviðs, þar með talið húsnæði frístundamiðstöðva, frístundaheimila og félagsmiðstöðva árið 2020. Unnið er að forgangsriðun verkefna og verið að tryggja fjármagn í endurbætur og nýframkvæmdir í samræmi við ofangreinda úttekt.

b. Fjármagn á fjárfestingaráætlun í viðhald og endurbætur.

Verður metið á forsendum úttektar á húsnæði skóla- og frístundasviðs.

21. Heilsársrekin frístundaheimili

Frá sumrinu 2019 hafa öll frístundaheimilin boðið upp á sumarþjónustu og hefur þátttaka í sumarstarfinu frá 2016 til 2020 aukist um 63%. Ljóst er að fjármagnið 9 millj.

dugar ekki til að koma til móts við kostnað af þessu, en atvinnuátök hafa hjálpað til undanfarin sumur. Sjá nánar bls. 24 í fyrrgreindri skýrslu.

22. Forgangur fyrir börn starfsmanna leikskóla, frístundaheimila, sértækra félagsmiðstöðva og leikskóla í vistun í leikskóla og frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar.

Aðgerð sem náði ekki fram að ganga.

23. Markvissara samstarf frístundaheimila og félagsmiðstöðva við grunnskóla.

Starfshópur vann skýrslu og fylgdi henni eftir, sjá hér:

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/180_9.1_skyrsla_starfshops_um_markvissara_samstarf_2019_2_des.pdf

Afraksturinn er til að mynda nýtt form fyrir samstarfssamninga milli grunnskóla og frístundaheimili annars vegar og grunnskóla og félagsmiðstöðvar hins vegar.

24. Fjölga starfsdögum um einn dag.

Starfsdögum var fjölgað um einn til þess að allir starfsstaðir gætu bætt við starfsdegi áður en sumarstarfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva hefst. Breytingin var sett inn í reglur um þjónustu frístundaheimila og félagsmiðstöðva.